

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps, með eftirfarandi fyrirvörum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, sbr. 29. gr. reglugerðar um gerð skipulagsáætlana:

- 1) Breidd gatna og tilhögun gatnamóta eru ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.
- 2) Fyrirvari er gerður um legu Suðurbrautar á móts við Bakkatjörn.
- 3) Hreppsnefnd áskilur sér fyrirvara að því er tekur til einfaldrar húsaraðar ofan Skólabrautar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps með fyrrgreindum fyrirvörum 24. janúar 1973 og af skipulagsstjórn ríkisins 19. febrúar 1973.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Seltjarnarneshreppi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 17. september 1969, sbr. auglýsingu nr. 233/1969, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

23. febrúar 1973.

Nr. 70.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1973. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár fyrir Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands, nr. 135, 6. júní 1919.

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fé því, sem greiðist af gestum fyrir að skoða vita landsins, að viðbættum gjöfum og öðru því fé, sem á annan hátt kann að áskotnast sjóðnum. Þá greiðir hver vitavörður, sem ekki er meðlimur í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, árlega í sjóðinn að minnsta kosti 2% af launum sínum. Vitaverðir, sem félagar eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna greiði 1% af fyrstu 100 þús. kr. launa sinna en síðan ½% af afgangi. Til launa teljast einnig greiðslur vegna aðstoðarmanna vitavarða, enda njóti aðstoðarmaður sömu réttinda og vitavörður við styrkveitingar úr sjóðnum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vitaverði, ekkjur þeirra eða ómyndug börn, er bágstödd hafa orðið vegna sjúkdóms eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Við styrkveitingar ber aðallega að taka tillit til þarfa hlutaðeigandi, en þó einnig þess, hve lengi vitavörðurinn hefur þjónað, og hve mikið hann hefur lagt til sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem hentugastan hátt að mati stjórnarinnar.